



Alþingi
Erindi nr. P 135/657
komudagur 3.12.2007

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 27. nóvember 2007
2007110063

Efni: Frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði, 30. mál, heildarlög.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 26. nóvember s.l., var lagt fram bréf frá menntamálanefnd Alþingis dagsett 14. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði, 30. mál, heildarlög. Svarfrestur er til 5. desember n.k.

Bæjarráð vísar til fyrri samþykktu bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Fjórðungssambands Vestfirðinga, um stofnun Háskóla á Ísafirði. Tvö dæmi þess fylgja bréfi þessu.

Virðingarfyllst

Þorleifur Pálsson

- bæjarritari -

Hjálagt:

Samþykkt frá bærarstjórn Ísafjarðarbæjar 220. fundi.
Samþykkt frá 52. Fjórðungspingi Vestfirðinga.

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

220. fundur

Árið 2007, fimmtudaginn 1. mars kl. 17:00 hélt bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fund í fundarsal sínum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Tillaga flutt undir 15. lið 516. fundargerðar bæjarráðs.

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beinir þeim tilmælum til stjórnar Háskólaseturs Vestfjarða, að hafin verði strax undirbúningur að stofnun Háskóla Vestfjarða með það að markmiði að fyrstu nemendur verði innritaðir í janúar 2008. Uppbygging menntunar er lykilinn að jákvæðri byggðaþróun og í ljósi þeirra áfalla sem dunið hafa yfir byggðina okkar í atvinnumálum síðustu misseri er það forgangsmál að hér verði settur á fót sjálfstæður háskóli strax.“

Tillagan samþykkt samhljóða 9-0.

Háskóli Vestfjarða

52. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Tálknafirði 7. – 8. september 2007 samþykkir að stofnaður verði Háskóli Vestfjarða.

Fjórðungsþing Vestfirðinga felur stjórn sambandsins að kalla þegar til fulltrúa Háskólaseturs, sveitafélaga, rannsóknastofnanna, fyrirtækja og félagasamtaka til undirbúnings málinu. Stefna ber að stofnun sjálfstæðs háskóla strax á næsta ári og hefja kennslu haustið 2008.

Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

Ómar Már Jónsson, formaður

Birna Lárusdóttir

Gísli Jón Kristjánsson

Arna Lára Jónsdóttir

Magnús Reynir Guðmundsson

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Jóhann Hannibalsson

Pórólfur Halldórsson

Gústaf Jökull Ólafsson

Grímur Atlason

Hulda Gunnarsdóttir

Jón Hákon Ágústsson

Rúna Stína Ásgrímsdóttir

Guðjón Arnar Kristjánsson

Soffía Vagnsdóttir

Óskar Torfason

Smári Haraldsson